



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir skotvöll í Álfsnesi.

Nafn leyfishafa: Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis

Heimilisfang: Pósthólf 8485

Póstnúmer: 128

Kennitala: 440687-1809

Útgáfudagur leyfis: xx.xx 2026

Gildir til: 31. desember 2028

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Starfsleyfiskilyrðum fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi og Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.*

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, xx 2026

Umsókn um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Umsókn móttakin

17. apríl, 2026

Einkvæmt auðkenni: c743c2b7-b6a2-489d-9d13-3587cc1bc922

Skilmálar

Já, ég samþykki!

✓

Tegund umsóknar

Vinsamlegast hakið við það sem við á

Endurnýjun leyfis

Starfsemi hefst

-

Starfsstöð og fyrirtæki

Heiti starfsstöðvar

Skotfélag Reykjavíkur og nágrennis

Aðsetur starfsstöðvar

Álfsnesi

Póstnúmer aðseturs

116

Símanúmer

Netfang

skotreyn@skotreyn.is

Heimasíða

skotreyn.is

Nafn fyrirtækis

Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis

Kennitala fyrirtækis

4406871809

Heimilisfang fyrirtækis

Álfsnesi

Póstnúmer fyrirtækis

116 (pnr. pósth.128 rvk)

Forsvarsmaður

Nafn forsvarsmanns

Kennitala forsvarsmanns

Sími forsvarsmanns

Netfang forsvarsmanns

Hvar fer starfsemin fram?

Hvar fer starfsemin fram?

Ekki í fasteign (lóðir, færanleg starfsemi, útihátíðir, vatnsverndarsvæði t.d.)

Staðsetning

Álfsnesi

Starfsemi

Hvers konar starfsemi?

Mengandi starfsemi

Nánari lýsing á starfseminni

Skotsvæði, sjá meðfylgjandi greinargerð Skotreyrnar

Fylgigögn

Viðbótargögn

20260417 greinargerð skotreyrnar með umsókn um starfsleyfi 2026 loka.pdf,2023-03-01 (Sagittario Standard Orange - Pass) ND.pdf,GAMEBORE ASSAY CERTIFICATE FOR STEEL SHOT scan.pdf,Áhrif á vatnshlot_2026.pdf,Greinargerð um vatnshlot.pdf,AKU-01 Rev1 7336100 Skotreyrn skotæfingasvæði- hávaðakortlagning.pdf



17. apríl 2026.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
v/starfsleyfis SKOTREYNAR

Vísað er í umsókn SKOTREYNAR um nýtt starfsleyfi 2026.

Liður 12) í skipulagi.

“Undirbúa skal frekari rannsóknir á áhrifum mögulegrar blýmengunar á lífríki og fuglalíf sérstaklega og vistkerfi, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar. Mikilvægt er að rekstraraðilar skotvalla geri grein fyrir áhrifum starfseminnar á vatn, sbr. markmið um verndun þeirra og ásættanlegt ástand, sbr. Vatnaáætlun, við undirbúning útgáfu starfsleyfa. Við frekari rannsóknir á ástandi viðkomandi vatnshlota mætti skoða þann möguleika að huga að þeim rannsóknnum í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknnum.”

Í ofangreindum lögum er ekkert sem sérstaklega kveður á um áhrif mögulegrar blýmengunar á lífríki og fuglalíf og því erfitt að uppfylla nákvæmlega þetta orðalag. Einnig er óljóst í orðalaginu hver ábyrgðaraðilinn er sem eigi að undirbúa þessar rannsóknir.

Félagið mun hinsvegar vakta fuglalíf eins og kostur er og koma til rannsókna dauðum og deyjandi fuglum sem finnast á svæðinu svo hægt sé að tilgreina dánarorsök.

Félagið er í samningaviðræðum við nokkra dýraspítala um samstarf.

Grunngreining á dánarorsök fer þar fram og síðan komið áfram á Keldur ef grunur er um blýmengun. Félaginu er hinsvegar ekki kunnugt um hvort einhver grunnviðmið um blý í jarðvegi, vatni eða dýralífi hafi verið metin fyrir Ísland.

Í ofangreindum lögum í 12. grein. er kveðið á um áhrif á vatnshlot vegna starfsemi SKOTREYNAR.

12. gr. Yfirborðsvatn og grunnvatn.

Vernda skal yfirborðs- og grunnvatnshlot og tryggja að ástand þeirra versni ekki. Ástand þeirra skal styrkja og endurheimta með það að markmiði að efnafræðilegt ástand sé að lágmarki gott. Þá skal tryggja sjálfbæra nýtingu grunnvatns þannig að jafnvægi sé milli vatnstöku og endurnýjunar.



Starfsemi SKOTREYNAR notast ekki við vatn en hinsvegar eru notuð haglaskot og leirdúfur á svæðinu. Samkvæmt vottuðum upplýsingum frá framleiðendum þeirra innihalda haglaskotin og leirdúfurnar ekkert blý eða PAH efni. (sjá upplýsingablöð sem fylgja með.)

Því má áætla að starfsemin hafi lítil sem engin áhrif á yfirborðs og grunnvatnshlot á svæðinu. Möguleg blýmengun er engin eða hverfandi við þessa notkun.

SKOTVÍS og SKOTREYN taka undir það að við lagningu Sundabrautar þurfi að huga sérstaklega vel að þessum þáttum þegar jarðvegsvinna byrjar. Svæðið var notað sem óopinber ruslahaugur áður en skotvöllurinn var fluttur þangað og gríðarlegt magn af jarðvegi án upprunavottorðs flutt á staðinn sem var síðan sléttað út. Sundabrautin mun fara þvert yfir völl SKOTREYNAR svo hann þarf að flytja verði af þeim framkvæmdum.

Sjá greinargerð fyrir nánari útlistun.

Kveðja,
Skotveiðifélag Íslands
SKOTREYN

Áki Ármann Jónsson, formaður SKOTVÍS
Ívar Pálsson, ritari og lögfræðingur SKOTVÍS
Róbert Reynisson, formaður SKOTREYN



Test Report

Customer: Eurotarget S.r.l.
Via Meucci 35 / 37
42046 Reggiolo (RE)
Italy

BV Order No.: -
Report No.: (25423)060-541283
Report Version: 1

Contact Person: Mr. Andrea Siligardi

Date of Order: 23.02.2023

Report Date: 01.03.2023

Importer/Supplier:

Sample Information

Testing Requirements: Tested according to "ordered" requirements

Sample Description: CLAY TARGET FOR SPORT USE

Customer Reference: SAMPLE DATE: 23/02/2023
SAMPLE PLACE: EUROTARGET S.R.L
SAMPLE OPERATOR: ANDREA SILIGARDI
TYPE MODEL: SAGITTARIO STANDARD ORANGE
PRODUCTION DATE: 23/02/2023
PRODUCTION LINE: P4
SAMPLE No.: 01/2023

Sample Reception: 24.02.2023

Performance Date: 24.02.2023 - 01.03.2023

Sampled By: client

Colour: orange

Country of Origin: Italy

Submitted Samples

No. 1



Bureau Veritas
Consumer Products Services Germany GmbH
www.bureauveritas.de/cps
Phone: +49 (0)40 - 740 41 - 0

Managing Director: Sebastian Doose, Stefan Kischka
Reg.No. Schwerin HRB 3564

Schwern
Wilhelm-Hennemann-Str. 8, 19061 Schwern
cps-schwern@bureauveritas.com

Hamburg
Oehleckerling 40, 22419 Hamburg
cps-hamburg@bureauveritas.com

Türkheim
Businesspark A96, 86842 Türkheim
cps-tuerkheim@bureauveritas.com

Nuremberg
Thurn-und-Taxis-Str. 18, 90411 Nuremberg
cps-nuernberg@bureauveritas.com



Summary of Test Results
Tested according to "ordered" requirements

Tests required	Evaluation	Remark
PAH (Polycyclic aromatic hydrocarbons)	Pass	

Bureau Veritas
Consumer Products Services Germany GmbH
www.bureauveritas.de/cps
Phone: +49 (0)40 - 740 41 - 0

Managing Director: Sebastian Doose, Stefan Kischka
Reg.No. Schwerin HRB 3564

Schwern
Wilhelm-Hennemann-Str. 8, 19061 Schwern
cps-schwern@bureauveritas.com

Hamburg
Oehleckerring 40, 22419 Hamburg
cps-hamburg@bureauveritas.com

Türkheim
Businesspark A96, 86842 Türkheim
cps-tuerkheim@bureauveritas.com

Nuremberg
Thurn-und-Taxis-Str. 18, 90411 Nuremberg
cps-nuernberg@bureauveritas.com



Tested Samples

Article No	Sample ID	Sample description
	541283-01	1) Clay target black with coating neon orange

Test Results

Tested according to "ordered" requirements

Sample Description:	1) Clay target black with coating neon orange		Lab Reference No:	541283-01
Test Method / Standard:	Determination of PAH: AfPS GS 2019:01 PAK: GS-specification 2019-05, ultrasound extraction with Toluene, GC-MS analysis, reporting limit: 0.2 mg/kg			
Test Location:	Parameter has been analyzed at accredited BVCPS laboratory Schwerin.			
Parameter	Limit	Result	Evaluation	
Benzo (a) pyrene		<0.2 mg/kg	No Specification	
Benzo (e) pyrene		<0.2 mg/kg	No Specification	
Benzo (a) anthracene		<0.2 mg/kg	No Specification	
Chrysene		<0.2 mg/kg	No Specification	
Benzo (b) fluoranthene		<0.2 mg/kg	No Specification	
Benzo (j) fluoranthene		<0.2 mg/kg	No Specification	
Benzo (k) fluoranthene		<0.2 mg/kg	No Specification	
Dibenzo (a,h) anthracene		<0.2 mg/kg	No Specification	
Benzo (g,h,i) perylene		<0.2 mg/kg	No Specification	
Indeno (1,2,3-cd) pyrene		<0.2 mg/kg	No Specification	
Acenaphthylene		<0.2 mg/kg	No Specification	
Acenaphthene		<0.2 mg/kg	No Specification	
Fluorene		<0.2 mg/kg	No Specification	
Phenanthrene		<0.2 mg/kg	No Specification	
Anthracene		<0.2 mg/kg	No Specification	
Fluoranthene		<0.2 mg/kg	No Specification	
Pyrene		<0.2 mg/kg	No Specification	
Naphthalene		<0.2 mg/kg	No Specification	
Sum of all PAH's	≤ 10 mg/kg	not detected	Pass	

The test results relate only to the received and tested item. Without the written consent of Bureau Veritas Consumer Products Services Germany GmbH excerpts of this report shall not be reproduced. If the standard or the customer defines no decision rule, the laboratory applies a decision rule following the "Binary Statement for Simple Acceptance Rule (w=0)" (chapter 4.2.1) of ILAC Guidelines on Decision Rules and Statements of Conformity (ILAC-G8:09/2019). The results in this test report are reported in a simplified way (et al. without measurement uncertainty).

The testing of mixed samples is carried out at the customer's explicit request and may imply a deviation from the testing standard. Please note the following: results for mixed samples that are below the limit may exceed the limit if the samples contained in the mixed sample are tested individually. In these cases separate testing of the samples is recommended.



U. Henkel

Ulrike Henkel
Lab Manager Food Contact & ICP

No results printed beyond this point in the report

Parameters & CAS No.

Determination of PAH	(CAS No.)
Anthracene (120-12-7)	
Pyrene (129-00-0)	
Benzo (g,h,i) perylene (191-24-2)	
Benzo (e) pyrene (192-97-2)	
Indeno (1,2,3-cd) pyrene (193-39-5)	
Benzo (j) fluoranthene (205-82-3)	
Benzo (b) fluoranthene (205-99-2)	
Fluoranthene (206-44-0)	
Benzo (k) fluoranthene (207-08-9)	
Acenaphthylene (208-96-8)	
Chrysene (218-01-9)	
Benzo (a) pyrene (50-32-8)	
Dibenzo (a,h) anthracene (53-70-3)	
Benzo (a) anthracene (56-55-3)	
Acenaphthene (83-32-9)	
Phenanthrene (85-01-8)	
Fluorene (86-73-7)	
Naphthalene (91-20-3)	

Bureau Veritas
Consumer Products Services Germany GmbH
www.bureauveritas.de/cps
Phone: +49 (0)40 - 740 41 - 0

Managing Director: Sebastian Doose, Stefan Kischka
Reg.No. Schwerin HRB 3564

Schwern
Wilhelm-Hennemann-Str. 8, 19061 Schwern
cps-schwern@bureauveritas.com

Hamburg
Oehleckerring 40, 22419 Hamburg
cps-hamburg@bureauveritas.com

Türkheim
Businesspark A96, 86842 Türkheim
cps-tuerkheim@bureauveritas.com

Nuremberg
Thurn-und-Taxis-Str. 18, 90411 Nuremberg
cps-nuernberg@bureauveritas.com



ASSAY CERTIFICATE FOR STEEL SHOT

MATERIAL – STEEL SHOT used in the production of Steel Shot Cartridges.

Carbon	(C)
Magnesium	(Mn)
Silicon	(Si)
Sulphur	(S)
Phosphorus	(P)
Rodium	(Cr)

SKÝRSLA

Skotreyrn - Skotæfingasvæði

Hávaðakortlagning

Verkkaupi: Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis v/ Ívar Pálsson

Samantekt:

Hávaðaútbreiðsla hefur verið kortlögð frá skotæfingasvæði Skotreyrnar, Álfsnesi.

Reiknaður hávaði frá skotæfingasvæðinu er borin saman við sænskar leiðbeiningar.

Fjarlægð skotsvæðis í nálægustu byggingar er 1,3 km í frístundahús, og 1,6 km í íbúðarhús.

Hljóðstig reiknast yfir L_{A1} 70 dB, fyrir þrjár nálægustu byggingarnar.

Áhrif skothávaða er í skotstefnu, mest í norður.

Draga má úr skothávaða með mótvægisaðgerðum.

Verkefnanr.: 73361-00
Skjal nr.: AKU-01
Útgáfa: 1
Útgáfudags.: 17. apríl 2026
Verkefnisstjóri: Halldór K. Júlíusson
Höfundur: Lars R. Nordin/Halldór K. Júlíusson
Rýni: Kristín Ómarsdóttir

Útg.	Höfundur		Rýni		Aths.
	Nr:	Nafn:	Dags (eigin rýni)	Nafn:	
0	Lars N. / Halldór K.J.	27.1.2026	Kristín Ómardóttir	29.1.2026	Fyrsta útgáfa
1	Halldór K. Júlíusson	16.04.2026	Kristín Ómardóttir	16.04.2026	Uppfærsla

IT arkiv: AKU-01 Rev1 7336100 Skotreyn skotæfingasvæði, hávaðakortlagning.docx

Efnisyfirlit:

1	Inngangur	3
2	Aðfengin gögn	3
3	Lýsing	3
4	Viðmiðunargildi	5
4.1	Leiðbeiningar um skotæfingasvæði - Riktlinjur för skjutbanor , (Sænska umhverfisstofnunin) 5	
5	Hávaðaútreikningar	7
5.1	Almennt.....	7
5.2	Vopnategund/skotfæri – gögn um hljóðgjafa.....	8
5.3	Óvissa	8
6	Niðurstöður	8
6.1	Útreikningar án mótvægisáðgerða	8
6.2	Mótvægisáðgerðir.....	9
7	Samantekt	11
8	Heimildir	11

1 Inngangur

Brekke & Strand Akustikk hefur að beiðni Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis kortlagt hávaðaútbreiðslu frá skotvöllum á skotæfingasvæði Skotreyrnar á Álfsnesi, Reykjavík. Niðurstöðurnar eru sýndar á hávaðakorti með reiknuð hámarksaugnabliksgildi fyrir skot með haglabyssum, í samræmi við sænskar eftirlitsleiðbeiningar.

Skýrslan er unnin í tengslum við fyrirhugaða umsókn um starfsleyfi skotæfingasvæðisins.

2 Aðfengin gögn

Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir þau grunn gögn sem notuð voru við gerð skýrslunnar.

Tafla 1 Gunngögn fyrir hávaðakortlagningu

Gögn	Heimild
Ljósmyndir og skissur af skotæfingasvæðinu ásamt upplýsingum um notkun og opnunartíma.	Skotreyrn
Leiðbeiningar Sænsku Umhverfisstofnunarinnar <i>Allmänna råd om buller från skjutbanorbanor</i> , NFS 2005:15	-

3 Lýsing

Skotæfingasvæði Skotreyrnar er staðsett í Álfsnesi í útjaðri höfuðborgarsvæðisins, sjá mynd 1. Æfingasvæðið er á skilgreindu ípróttasvæði þar sem heimilt er að stunda skotæfingar, skotípróttir og skylda ípróttastarfsemi¹, en nálæg svæði eru að stærstum hluta landbúnaðar svæði og opin svæði, ásamt minni iðnaðar- og athafnasvæðum, sjá hluta af Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, á mynd 2. Nálægustu byggingar eru (upplýsingar úr Borgarvefsjá og Fasteignaskrá HMS):

Staður	Stefna	Fjarlægð	Notkun
Móavík	NV	1,3 km	Sumarbústaður
Spilda úr land Móa	NV	1,4 km	Sumarbústaður
Naustanes	NA	1,6 km	Íbúðarhús, lögbýli
Móaberg	NV	1,8 km	Íbúðarhús
Víðines	S	1,8 km	Gistiheimili/hjúkrunarheimili
Fitjar/Leirur	SV	1,9 km	Íbúðarhús
Skriða/Stekkur	N	2,2 km	Íbúðarhús
Mógilsárvegur	NA	2,3 km	Íbúðarhús
Íbúðasvæði Leirvogstungu	SA	2,6 km	Íbúðarsvæði


Skotreyrn hefur verið með aðstöðu á svæðinu frá árinu 2002 og er það nýtt fyrir æfingar með haglabyssum eingöngu. Almennt notuð 24-28 gr. æfingaskot en notkun veiðiskota er bönnuð. Árið 2025 voru skotnar 36.360 leirdúfur á svæðinu og miðað er við 1 skot á dúfu.

¹ Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, *Skotæfingasvæði á Álfsnesi*, Aðalskipulagsbreyting, maí 2024


Tafla 2 sýnir yfirlit opnunartíma æfingasvæðisins. Gert hefur verið ráð fyrir að opið sé fyrir æfingar 86 daga á ári, hluta úr degi. Dæmigert falla um 20% æfingum niður vegna veðurs, birtuskilyrða og manneklu.

Tafla 2 Dæmigerðar notkun skotæfingasvæðis.

Tímabil	Dagar	Klst.
1. maí -31. ágúst Opið mánud. og fimmtud. kl. 17 - 21 og laugard. kl. 10-15	53	230
1. sept til 30. apríl Opið laugard. kl. 10 - 15	33	165



Mynd 1 Skotæfingasvæði Skotreyrnar (heimild: borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/)



Mynd 2 Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 (www.skipulagsvefsja.is/)



Mynd 3 Skotæfingasvæði Skotreyrnar og næstu byggingar norðan við skotsvæðið.

4 Viðmiðunargildi

Við mat á hávaða frá skotæfingasvæðinu eru notaðar eftirlitsleiðbeiningar frá Sænsku Umhverfisstofnuninni, *Buller fra skjutbanor och skjutfält* [1] með tengdum leiðbeiningum *Riktlinjer för skjutbanor*.

4.1 Leiðbeiningar um skotæfingasvæði - Riktlinjer för skjutbanor , (Sænska umhverfisstofnunin)

Fyrir skotfimi með smákalíburskotum (kaliber < 20 mm) eru notuð viðmiðunargildi sem tilgreind eru ráðleggingum Sænsku Umhverfisstofnunarinnar *Allmänna råd om buller från skjutbanorbanor*, NFS 2005:15. Auk viðmiðunargilda eru gefnar leiðbeiningar um meðal annars takmarkanir, mögulegar aðgerðir o.s.frv. til mótvægis við truflanir frá hávaða frá skotum með fínkalíber vopnum. Viðmið eru gefin sem hámarkshljóðstig, frísviðsgildi, tímavegið augnabliksgildi, dBAI.

Tafla 3 sýnir viðmiðunargildin.

Sænsku reglurnar tóku fyrst gildi árið 1982 í Svíþjóð. Þess vegna eru mismunandi viðmið fyrir velli sem teknir voru í notkun fyrir og eftir 1982.

Á Íslandi hafa ekki verið í gildi sérstök viðmið fyrir skotvelli. Í drögum að breytingu reglugerð um hávaða eru þessi sömu viðmið notuð fyrir velli byggða fyrir 2025 (eða áður en breyting á reglugerð tekur gildi).

Tafla 3 Mörk fyrir hávaða á skotsvæðum frá Sænsku Umhverfisstofnuninni, NFS 2015:15

Svæði	Mánudagar til föstudagar	Laugardagar, sunnudagar og opinberir frídagar		Nótt ²
	Dag og kvöld 07–22 (dBAI)	Dagur 09–19 (dBAI)	Kvöld 19–22 (dBAI)	Nætur á virkum dögum 22–07 og á laugardögum, sunnudögum og opinberum frídögum 22–09 (dBAI)
Íbúðarhús fyrir varanlega búsetu og sumarhús				
Nýbygging eða veruleg endurbygging skotvallar	65–70	65–70	60–65	55–60
Vellir byggðir fyrir 1982 sem hafa ekki breytt verulega rekstrinum síðan þá	65–75	65–75	60–70	55–65
Vellir byggðir fyrir 1982, með óverulegum truflunum	65–80	65–80	60–75	55–65
Heilbrigðisþjónusta				
Nýbygging eða veruleg endurbygging skotvallar	65–70	65–70	60–65	55–60
Vellir byggðir fyrir 1982 sem hafa ekki breytt verulega rekstrinum síðan þá	65–75	65–75	60–70	55–65
Vellir byggðir fyrir 1982, með óverulegum truflunum	65–80	65–80	60–75	55–65
Kennsluaðstaða og útivistarsvæði¹				
Nýbygging eða veruleg endurbygging skotvallar	60–65	60–65	60–65	-
Vellir byggðir fyrir 1982 sem hafa ekki breytt verulega rekstrinum síðan þá	60–70	60–70	60–70	-
Vellir byggðir fyrir 1982, með óverulegum truflunum	60–75	60–75	60–75	-

¹ Útivistarsvæði vísar til svæðis í skipulagi sem ætlað er fyrir útivist eða önnur svæði sem eru oftast notuð til útivistar þar sem upplifun náttúrunnar skiptir miklu máli og lágt hljóðstig telst til sérstakra gæða. Bakgrunnshljóðstigið er lágt og engin önnur truflandi starfsemi er til staðar, svo sem helstu umferðarleiðir, mótorsportsbrautir, bátaumferð eða snjósléðaleiðir.

² Vísar aðeins til hernaðarþjálfunar. Á nóttunni ættu engar aðrar skotæfingar að fara fram.

Í notkunarleiðbeiningum með sænsku viðmiðunum kemur eftirfarandi m.a. fram.

Viðmiðunargildin eru útgangspunktur og leiðbeining fyrir mat í hverju tilfelli fyrir sig. Sérstakar ástæður geta haft í för með sér að gera þarf frávik, upp eða niður, frá viðmiðunargildunum.

Viðmiðin eiga að gilda í hverjum punkta utandyra við byggingarnar og á útisvæðum sem tilgreind eru í töflunni. Gildin eru reiknuð sem frísviðsgildi, þ.e. án endurkasts.

Fyrir nýja velli eða verulegar breytingar á velli ætti miða við lægra gildið í töflunni. Í tilfelli skotæfingasvæða með litla notkun ætti hærra viðmiðið að gilda. Fyrir skotæfingasvæði sem eru aðeins notuð í fáa daga á ári ætti einnig að vera ásættanlegt að fara yfir hærra viðmiðunargildið. Fyrir eldri velli ætti frávík sem eru stærra en 10 dB (frá viðmiðun nýrra valla) einungis vera leyfð fyrir svæði með óverulega truflun og litla notkun.

Skotsvæði fyrir haglabyssur

Fyrir skotsvæði fyrir haglabyssur, þar sem ekki er hægt að framkvæma ráðstafanir til að draga úr hávaða, ætti að leyfa 5 dB frávík hærra leiðbeiningargildi fyrir nýja velli.

Með hliðsjón af því að Skotreyrn hefur verið með aðstöðu á svæðinu frá árinu 2004 er hæfilegt að leggja til grundvallar viðmið í flokki 2, þ.e. völl sem var byggður fyrir gildistöku krafna með ráðlögðu bili $L_{AI} = 65-75$ dB að degi.

Ekki koma fram upplýsingar í leiðbeiningunum hvenær notkun telst mikil eða líti (t.d. hve margir dagar á ári), né viðmið um hvað teljist óveruleg truflun.

5 Hávaðaútreikningar

5.1 Almennt

Til útreikninga hefur verið notuð Cnossos-EU reikniaðferðin [2] í Soundplan 8.2 forritinu. Heimildir um hávaða frá vopnum/skotfærum og svokallaða deyfingu frá skothúsum/yfirbyggingum hafa verið fengnar frá norsku varnarmálastofnuninni.

Hávaðagjöf skotvopna í útreikningum samsvarar $L_{pAI} = 117$ dBA í 10 m fjarlægð

Aðrar forsendur útreikninga:

- Hámarkshljóðstig er reiknað í 1,5 metra hæð yfir jörð.
- Áætluð hæð á jarðvegsmön er 5 metrar.
- Yfirborð lands er talið sem mjúkt yfirborð í útreikningum, en vatnsyfirborð hefur eiginleika sem hart yfirborð í útreikningunum.
- Ekki er reiknað með endurkasti hljóðs frá fjallshlíðum í útreikningunum. Hávaði frá fjallshlíðum hefur ekki áhrif á hámarks hljóðstig.
- Hávaði frá opi á byssuhlaupi hefur verið reiknaður. Kúlur sem ná yfir hljóðhraða eru ekki taldar viðeigandi fyrir viðkomandi vopnategund og eru því ekki innifaldar í útreikningum.

Mynd 4 Skotæfingasvæðið með núverandi jarðvegsmönnum og skotáttum. Appelsínugulu örvarnar sýna ytri mörk skotgeira á hverjum velli. Völlur 5, byrjendavöllur, er á milli valla 2 og 3.



5.2 Vopnategund/skotfæri – gögn um hljóðgjafa

Á skotæfingasvæði Skotreyrnar eru aðeins notaðar haglabyssur. Í útreikningum er tekin með tíðnidreifing hljóðstyrks eftir áttundarböndum sem og stefnu, þ.e. breytileika í hljóðstyrk eftir mismunandi hornum miðað við skotstefnu.

5.3 Óvissa


Með tilliti til meðal annars skermunar vegna landslags, veðurfræði og yfirborðsskilyrða má búast við að óvissa í útreikningum sé minni en 5-6 dB.

6 Niðurstöður

6.1 Útreikningar án mótvægisáðgerða

Niðurstöður án mótvægisáðgerða eru sýndar á hávaðakorti á Mynd 5. Hávaðinn berst aðallega í norðurátt sem er vegna stefnuvirkni hávaða frá vopnunum. Hæð í landslaginu austan við vellina sem er um 20 metra há hefur skermunaráhrif til austurs frá svæðinu.

Næstu byggingar norðan við Kollafjörð eru með reiknuð hámarksaugnabliksgildi á bilinu L_{A1} 75 til 80 dB, það eru Móavík og Spilda úr landi Móa. Við Móaberg eru gildin L_{A1} 70-75 dB.



Mynd 5 Reiknað augnabliksgildi, frísviðsgildi í 1,5 m hæð, L_{A1} (dB). Hávaði frá öllum völlum.

6.2 Mótvægisáðgerðir

Til að draga úr hávaða við íbúðar og frístundahús er þörf á mótvægisáðgerðum.

Skotgerðir

Hávaði frá æfingaskotum er mismikill². Verði notkun æfingsvæðisins takmörkuð við lágværustu skotgerðirnar má gera ráð fyrir að hljóðstigið lækki um 1-2 dB.

Veðuraðstæður

Draga má verulega úr áhrifum hávaða á svæði norðan Kollafjarðar með aðlögun opnunartíma að veðurskilyrðum

Annars vegar hefur vindátt og styrkur hefur mikil áhrif á útbreiðslu hljóðs. Með því að forðast æfingar þegar vindátt er beint af æfingsvæði að íbúðarhúsum má draga úr hávaðaútbreiðslu þar.

Hitahvörf í andrúmsloftinu geta valdið því að stefna hljóðbylgja sveigir niður að móttökustað og getur þannig aukið hljóðstig þar. Takmarka mætti notkun við slíkar aðstæður.

Tímatakmarkanir

Opnunartímar sem eru takmarkaðir og stuttir draga úr álagi nágretta vegna skothávaða. Þannig mætti t.d. gefa leyfa fyrir fráviki frá viðmiðunargildum ef opnunartími nokkrar klukkustundir valda daga vikunnar samanborið við opnunartíma alla daga vikunnar frá morgni til kvölds.


Hljóðmanir, skermar skothæð

² Sjá t.d. Sweco, „Måling af lydemitision fra haglpatroner“, projektnr: 41014368-003, rapportnr: P2.008.25, dags.21.08.2025


Hljóðmanir og skermar sem staðsettir geta dregið úr hávaða sem berst frá svæðinu. Hæð slíkra aðgerða skiptir mestu máli sem og nálægð við hávaðagjafa. Auka má áhrifin með skotvöllum sem liggja lægra í landslaginu (grafnir niður). Meta má nánar áhrif hljóðmana og skerma síðar í samráði við notendur.

Skotstefna

Skothávaði er stefnuvirkur og hann er mestur beint fram í skotstefnu. Vellir 1-3 og snúa í norður en völlum 4 er með höfuðstefnu í norð-austur. Mynd 6 sýnir hávaða frá velli 4 eingöngu og á Mynd 7 eru sýnd áhrif þess að snúa skotstefnu vallar 1 í vesturátt.



Mynd 6 Völlum 4 eingöngu. Reiknað augnabliksgildi, frísviðsgildi í 1,5 m hæð, L_{A1r} (dB).



Mynd 7 Völlur 1 eingöngu með höfuðskotstefnu snúið í vestur. Reiknað augnabliksgildi, frísviðsgildi í 1,5 m hæð, L_{AI} (dB).

7 Samantekt

Reiknaður hávaði frá skotæfingasvæðinu er borin saman við sænskar leiðbeiningar.

Fjarlægð skotsvæðis í nálægustu byggingar er 1,3 km í frístundahús, og 1,6 km í íbúðarhús.

Áhrif skothávaða er í skotstefnu, mest í norður.

Hljóðstig reiknast yfir, L_{AI} 70 dB, fyrir þrjár nálægustu byggingarnar.

Draga má úr skothávaða með mótvægisáðgerðum.

8 Heimildir

[1] <https://www.naturvardsverket.se/vagledning-och-stod/buller/buller-fran-skjutbanor-och-skjutfalt>

[2] Cnossos-ESB, " Common Noise Assessment Methods in the EU ", tilskipun ESB, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/996 frá 19. maí 2015 og 2021/1226 frá 21. desember 2020.

Guðjón Ingi Eggertsson

Frá: Haraldur Sigurðsson
Sent: miðvikudagur, 24. júní 2026 15:13
Til: Rúnar Grímsson
Afrit: Guðjón Ingi Eggertsson
Efni: Re: Umsögn vegna Skotreyrnar

Flokkar: Tracked To Dynamics 365

Staðfesti það, með mögulegan gildistíma út árið 2028

Bestu kveðjur,



Haraldur Sigurðsson

Deildarstjóri aðalskipulags og húsnæðisáætlana

411-1111
Umhverfis-og skipulagssvið
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík

Frá: Rúnar Grímsson <Runar.Grimsson@reykjavik.is>
Sent: miðvikudagur, 24. júní 2026 15:05
Til: Haraldur Sigurðsson <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>
Afrit: Guðjón Ingi Eggertsson <Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is>
Efni: RE: Umsögn vegna Skotreyrnar

Sæll Haraldur

Takk fyrir póstinn, út frá svari þínu lítur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur svo á að starfsemi Skotfélags Reykjavíkur og nágrennis í Álfsnesi sé í samræmi við *Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*.

Kær kveðja/Best Regards



Rúnar Grímsson

Heilbrigðisfulltrúi
Umhverfiseftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Sími: +354 664 0402
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur

From: Haraldur Sigurðsson <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>
Sent: miðvikudagur, 24. júní 2026 14:46
To: Guðjón Ingi Eggertsson <Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is>

Cc: Rúnar Grímsson <Runar.Grimsson@reykjavik.is>

Subject: Re: Umsögn vegna Skotreyrnar

Sælir

Staðfesti að umrædd umsögn sem byggir á AR2040 og vísar til ákvæða sem gilda jafnt um bæði félögin varðandi tímaákvæði og annað, enda félögin staðsett á sama ípróttasvæði á Álfsnesi, sbr. skipulagsuppráttur aðalskipulagsins

Bestu kveðjur



Haraldur Sigurðsson

Deildarstjóri aðalskipulags og húsnæðisáætlana

411-1111

Umhverfis-og skipulagssvið
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Borgartúni 12

105 Reykjavík

b.t. Heilbrigðisnefndar Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 17. apríl 2026.

Greinargerð með umsókn um endurnýjun á starfsleyfi til rekstrar skotvallar SKOTREYNAR á Álfsnesi.

Bréf þetta er fylgiskjal með umsókn SKOTREYNAR, dags. 17. apríl 2026, þar sem óskað er endurnýjunar starfsleyfis til rekstrar skotvallar félagsins á Álfsnesi í Reykjavík.

I. Almennt um starfsemina á Álfsnesi og forsaga

Á Álfsnesi eru í dag reknir tveir skotvelli. Annars vegar er um að ræða starfsemi Skotfélags Reykjavíkur, en þar eru reknir skotvelli fyrir haglabyssuskotfimi auk riffilbrautar. Skotfélag Reykjavíkur er elsta íþróttafélag landsins, nú 140 ára. Hins vegar er um að ræða starfsemi SKOTREYNAR, sem er austan við svæði SR á Álfsnesinu, en þar eru eingöngu reknir skotvelli fyrir haglabyssuskotfimi.

SKOTREYN, Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, var stofnað 27. ágúst árið 1986. Er tilgangur félagsins að stuðla að áhuga, þekkingu og leikni félagsmanna, með rekstri og umsjón skotæfingasvæðis, fræðslu fyrir félagsmenn og hagsmunabaráttu í samstarfi SKOTVÍS, Skotveiðifélag Íslands. SKOTREYN er áhugamannafélag með um 1.300 félaga og hefur þá sérstöðu meðal félaga sem reka skotvelli að vera ekki íþróttafélag. Félagið hefur þó þróast nokkuð í þá átt og hefur nú breytt lögum félagsins í þá veru. Félagið hefur hins vegar hingað til ekki þegið neina styrki frá Íþróttasambandi Íslands. Hefur megin áhersla í hönnun skotsvæðisins verið til þess að bjóða uppá fjölbreytta velli sem hæfa skotveiðimönnum.

Þrátt fyrir að félagið sé ekki íþróttafélag þá rekur félagið í raun stærsta og fjölsóttasta skotsvæði fyrir þá sem stunda „Compak sporting“ sem er keppnisgrein í haglabyssuskotfimi. Félagið hefur verið frumkvöðull í þessari keppnisgrein.

Forsaga þess að þessum tveimur félögum var úthlutað umræddum lóðum fyrir skotæfingasvæði er sú, að bæði félögin höfðu áður aðstöðu í og við Leirdal í Grafarholti. Þegar Grafarholtið var skipulagt fyrir íbúðarbyggð var ljóst að starfsemi félaganna þyrfti að víkja. Finna þurfti félögunum annan stað innan borgarlandsins. Varð umrætt svæði á Álfsnesi fyrir valinu. Hafa bæði félögin byggt þar starfsemi sína upp með myndarbrag. Starfsemi félagsins hófst á svæðinu árið 2002.

Ástæða þess að eingöngu er rekið eitt æfingasvæði fyrir riffilskotfimi, en eins og áður segir er það rekið á vegum Skotfélags Reykjavíkur, er að erfitt var talið að koma fyrir tveimur slíkum

svæðum á Álfsnesi. Samkomulag varð því um að Skotfélag Reykjavíkur myndi setja upp ríffilbraut en SKOTREYN ekki. Skilyrði var að félagsmenn SKOTREYNAR fengju aðgang að ríffilvellingum á sama verði og félagsmenn Skotfélags Reykjavíkur.

Rétt er að taka fram að mjög langan tíma tók að finna heppilegt svæði á sínum tíma og í raun var ekkert annað svæði sem kom til greina fyrir starfsemina. Á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu var stofnaður starfshópur árið 2023 til að finna framtíðarlausn fyrir staðsetningu svæðis fyrir skotíþróttir. Starfshópurinn skilaði skýrslu um málið árið 2025. Í raun má segja að í þeirra skýrslu komi núverandi svæði einna best út. Það er því ljóst að verulegum erfiðleikum verður bundið að finna félögunum nýjan stað, verði þeim ekki leyft að vera áfram með starfsemi á Álfsnesi.

II. Forsaga leyfisveitinga og skipulag

Bæði félögin hafa rekið skotsvæði sín frá því rétt eftir þúsaldarmótin. Hafa félögin haft starfsleyfi fyrir skotsvæðin. Þegar kom að því að endurnýja leyfin, en starfsleyfi SKOTREYNAR gildi frá 5. maí 2009 til 5. maí 2021, hljóp snurða á þráðinn. Með tölvupósti til Skotfélags Reykjavíkur hinn 7. janúar 2020 upplýsti Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að starfsleyfi félagsins fyrir skotvelli í Álfsnesi myndi renna út 11. mars s.á. og sækja þyrfti um nýtt leyfi tímanlega. Hinn 15. janúar s.á. sótti Skotfélag Reykjavíkur um endurnýjun starfsleyfis. Móttaka umsóknar var staðfest með tölvupósti 3. febrúar s.á. og um leið vakin athygli á því að umsókn þyrftu að fylgja gögn í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Skotfélagið óskaði eftir því að gildandi starfsleyfi yrði framlengt um eitt ár, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Hinn 11. mars 2020 staðfesti heilbrigðiseftirlitið að umsóknin væri fullnægjandi og óskað var umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar um skipulagslega stöðu skotvallarins. Í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 27. s.m., kom fram að samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur væri umrætt svæði, I2/H6/E5, skilgreint sem hafnar- og iðnaðarsvæði. Á svæðinu væri gert ráð fyrir lóðum undir hafnsækna athafna- og iðnaðarstarfsemi sem væri landfrek og af stafaði mengunarhætta. Gert væri ráð fyrir lítilli höfn við Kollafjörð vestast á svæðinu með landfyllingu og varnargörðum. Ekkert deiliskipulag væri í gildi fyrir svæðið. Kom fram að æskilegt væri að hafin yrði vinna við að finna skotfélaginu nýjan stað fyrir æfingasvæði sitt í ljósi þeirra kvartana sem borist hefðu frá íbúum í nágrenni svæðisins. Skipulagsfulltrúi taldi ekkert hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að framlengja starfsleyfi félagsins um eitt ár. Á afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur 7. apríl 2020 var samþykkt að framlengja gildistíma starfsleyfis Skotfélags Reykjavíkur fyrir skotvelli í Álfsnesi um eitt ár.

Haustið 2020 var unnin könnun á blý- og hávaðamengun á og nærri skotvelli Skotfélags Reykjavíkur og við skotvöll Skotveiðifélags Reykjavíkur, sem er á sama svæði. Var könnunin til undirbúnings endurnýjunar starfsleyfa beggja félaganna. Með tölvupósti 3. nóvember 2020 var umsagnar skipulagsfulltrúa leitað vegna umsóknar um endurnýjun á starfsleyfi Skotfélags Reykjavíkur um það hvort starfsemin samræmdist skipulagi og hvort fyrirhugaðar væru breytingar á skipulagi sem gætu komið í veg fyrir endurnýjun starfsleyfisins til 12 ára. Í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. janúar 2021, kom fram að ekkert deiliskipulag væri í gildi fyrir svæðið en samkvæmt aðalskipulagi væri það skilgreint sem hafnar- og iðnaðarsvæði. Frá

upphafi hefði umrætt svæði verið ráðgert til tímabundinna afnota, en samkvæmt gildandi skipulagi væri gert ráð fyrir 20ha. hafnar- og iðnaðarsvæði fyrir lóðir undir hafnsækna og landfreka athafna- og iðnaðarstarfsemi. Í ljósi þeirrar óánægju sem íbúar í nágrenninu hefðu látið í ljós og þeirra ábendinga sem borist hefðu vegna hávaða teldi skipulagsfulltrúi nauðsynlegt að setja strangari skilyrði um starfsemina, s.s. um opnunartíma og notkun á blýhöglum, samhliða því að kanna til hlítar nýja staðsetningu fyrir starfsemina á höfuðborgarsvæðinu. Í ljósi þessa hefði ekki verið mælt með því að gefa út starfsleyfi til lengri tíma en tveggja ára og þá aðeins með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum.

Á afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur 11. mars 2021 var samþykkt að gefa út starfsleyfi fyrir skotvelli Skotfélags Reykjavíkur í Álfsnesi til tveggja ára með sértækum starfsleyfisskilyrðum og almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi. Tilkynning um útgáfu starfsleyfis var birt á vefsvæði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur 16. mars s.á.

Þann 19. apríl 2021 kærðu nokkrir íbúar og landeigendur í nágrenni Álfsness útgáfu leyfisins. Kröfðust þeir þess að ákvörðunin yrði felld úr gildi og að hlutlausir aðilar yrðu láttnir mæla mengun í sjó og við strönd fyrir neðan aðstöðu Skotfélags Reykjavíkur. Kærendur byggðu á því að með starfseminni væri verið að menga svæði og nágrenni þess með blýi og að hávaði væri yfir leyfilegum mörkum.

Með úrskurði, uppkveðnum þann 24. september 2021, felldi Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála leyfið úr gildi. Taldi nefndin að starfsemi sú sem heimiluð væri með hinu kærða starfsleyfi, þ.e. rekstur skotæfingasvæða, samræmdist ekki landnotkun svæðisins eins og það væri skilgreint í aðalskipulagi. Yrði af þeim sökum að fella hið kærða starfsleyfi úr gildi.

Niðurstaða nefndarinnar kom félaginu og Reykjavíkurborg á óvart. Vegna þessa og til að tryggja starfsgrundvöll beggja félaganna réðst Reykjavíkurborg í breytingu á aðalskipulagi í Reykjavíkur. Aðalskipulagsbreytingin laut að mörgum atriðum. Til að tryggja starfsemi skotfélaganna á Álfsnesi var bætt inn ákvæðum í aðalskipulagið. Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022.

Í kjölfar breytts aðalskipulags sótti SKOTREYN á ný um starfsleyfi fyrir svæðinu. Hinn 17. febrúar 2022 óskaði Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar varðandi hávaðamælingar frá starfsemi skotvalla. Í svari stofnunarinnar við erindinu, dags. 11. mars s.á., kom fram að samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða skyldi Umhverfisstofnun, í samstarfi við önnur stjórnvöld, gefa út leiðbeiningar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits. Taldi stofnunin rétt að heilbrigðiseftirlitið notaði sænskar leiðbeiningar fyrir hljóðmælingar frá skotvöllum við eftirlit, þ.e. *Allmänna råd om buller från skjutbanor* sem gefnar væru út af *Naturvårdsverket*. Þá óskaði heilbrigðiseftirlitið eftir umsögn skipulagsfulltrúans í Reykjavík, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Þá voru gerðar hljóðmælingar frá svæðinu sem staðfestu að hávaðamengun var undir mörkum reglna og reglugerðar. Þá þurfti ekki að hafa áhyggjur af blýmengun þar sem notkun blýskota var bönnuð.

Að lokinni auglýsingu, á afgreiðslufundi heilbrigðiseftirlitsins 26. júlí 2022, var samþykkt að gefa aftur út starfsleyfi til handa Skotveiðifélagi Reykjavíkur og nágrennis með gildistíma til 31. október 2026. Var leyfið jafnframt háð sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi skotvallarins auk almennra starfsleyfisskilyrða fyrir mengandi starfsemi. Tilkynning um útgáfu

Þess, ásamt greinargerð um útgáfuna, afriti af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum var birt á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins 27. júlí 2022.

Útgáfa leyfisins var aftur kærð. Með úrskurði, dags. 30. desember 2022, felldi úrskurðarnefndin leyfi á ný úr gildi. Var niðurstaða nefndarinnar sú, þrátt fyrir breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, að ekki lægi enn fyrir að landnotkun svæðisins hafi verið breytt frá fyrri úrskurði.

Framangreint kom öllum aðilum málsins mjög á óvart. Óskaði Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur m.a. endurupptöku úrskurðarins með bréfi þann 27. mars sl. Beiðninni fylgdi minnisblað Skipulagsstofnunar um málið. Með bréfi dags 19. apríl 2023 hafnaði nefndin beiðni um endurupptöku málsins.

Strax eftir úrskurð nefndarinnar frá 30. desember 2022 gerði Reykjavíkurborg tvennt. Í fyrsta lagi hóf Reykjavíkurborg aftur málsmeðferð til breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur til að tryggja að skýrt væri að heimilt væri, samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur, að reka starfsemina á umræddum stað. Í öðru með lagi setti Reykjavíkurborg á stofn starfshóp um framtíðarfyrirkomulag skotsvæða. Niðurstaða þeirrar vinnu er sú að í raun sé Álfsnesið heppilegasti staðurinn.

Auk alls framangreinds þá var Skotfélagi Reykjavíkur á ný veitt starfsleyfi á Álfsnesi, við hlið svæðis SKOTREYNAR, þann 25. janúar 2023. Það leyfi var líka kært og með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 11. maí sl., var það leyfi einnig fellt úr gildi með sama rökstuðningi.

Að lokinni ítarlegri málsmeðferð, með tilheyrandi samráði, í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123 frá 2010, samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur þann 11. júní 2024 aftur breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur gagnert í þeim tilgangi að tryggja starfsemi greindra skotvalla beggja félaganna. Skipulagsstofnun staðfesti breytinguna þann 26. júlí s.á. og auglýsing um gildistöku hennar birtist í B-deild Stjórnartíðinda þann 30. júlí 2024.

Félagið sótti á ný um starfsleyfi fyrir skotvelli á svæðinu strax í kjölfarið. Var leyfi veitt á ný þann 13. febrúar 2025 með gildistíma til 31. desember 2028. Í millitíðinni hafði félagið fengið útgefið bráðabirgðaleyfi Umhverfisstofnunar.

Leyfið var á ný kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Með úrskurði uppkveðnum þann 20. október 2025 var leyfið aftur fellt úr gildi. Úrskurðarnefndin taldi málið ekki nægilega upplýst af hálfu heilbrigðiseftirlitsins. Orðrétt segir í úrskurðinum:

„Af 10. gr. stjórnsýslulaga leiðir að stjórnvöldum er skylt að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Í ljósi fyrirmæla reglugerðar nr. 724/2008 og að virtum þeim leiðbeiningum sem Umhverfisstofnun hefur látið í té um aðferð við hljóðmælingar sem og þess að niðurstöður hljóðmælinga hafa verið misvísandi verður álitid að rétt hefði verið af Heilbrigðiseftirlitinu að krefjast þess að hljóðmælingar færu fram frá starfsemi hins umdeilda skotvallar áður en tekin yrði endanleg afstaða til leyfisveitingar. Til þess var ennfremur sérstakt tilefni þar sem gert er ráð fyrir því í aðalskipulagi að Heilbrigðiseftirlitið framkvæmi hávaða-mælingar við undirbúning starfsleyfa. Var undirbúningur hinnar kærðu ákvörðunar með þessu ekki fullnægjandi og verður ekki komist hjá því við svo búið að fella úr gildi hina kærðu ákvörðun.“

Tilvísun nefndarinnar til leiðbeininga Umhverfisstofnunar er til bréfs stofnunarinnar frá 11. mars 2022. Í úrskurðinum segir m.a. um þetta:

„Umhverfisstofnun telur rétt að HER noti sænskar leiðbeiningar fyrir hljóðmælingar frá skotvöllum við eftirlit, þ.e. „Almänna ráð om buller från skjutbanor“.“ Líta verður á þetta svarbréf Umhverfisstofnunar

sem leiðbeiningu um mæliaðferð við hljóðmælingar vegna eftirlits, sbr. c-lið 1. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 724/2008, sem Heilbrigðiseftirlitinu var skylt að fylgja en í 5. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti er kveðið á um að Umhverfis- og orkustofnun skuli vinna að samræmingu heilbrigðiseftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landi öllu og beri heilbrigðisnefndum að fylgja leiðbeiningum og viðmiðunarreglum sem stofnunin gefi út.

Jafnframt segir:

Hinar sænsku leiðbeiningar sem Umhverfisstofnun vísaði til í bréfi sínu hafa að geyma almenn ráð um hvernig hanna megi skotvelli með þeim hætti að hávaða frá þeim verði stýrt og úr honum dregið með tilliti til umhverfisaðstæðna. Almennt virðist gert ráð fyrir því að hljóðstig frá starfsemi skotvalla verði áætlað á grundvelli útreikninga. Hafa leiðbeiningarnar þó einnig þann tilgang að leiðbeina um framkvæmd eftirlitsmælinga. Í töflu er gefið yfirlit um viðmiðunarmörk við hávaða frá skotvöllum í íbúðum og orlofshúsum, eftir tímum dags og að teknu tilliti til þess hvort um nýjan skotvöll sé að ræða, breytingu á honum eða eldri skotvöll. Í viðauka eru tæknilegar leiðbeiningar um eiginleika mælibúnaðar og kemur fram að mæling skuli fara fram með svo nefndum „filter A“ og „tidsvægningu impuls“, þ.e. með stillt á augnablikshávaða. Skuli vera vindhlíf á hljóðnema og hann kalíbreraður, þ.e. stilltur, fyrir og eftir mælingu.

Af hálfu Heilbrigðiseftirlitsins hefur verið bent á að ekki séu forsendur til að meta hvort niðurstöður mælinga samkvæmt þessari aðferð sýni heilsuspillandi hávaða, þar sem slík mörk vanti hér á landi. Með því er er litið hjá því að sett eru viðmiðunarmörk í leiðbeiningunum um hljóðstig í íbúðum og orlofshúsum sem ætlað er að hafa þýðingu við mat á því hvort ónæði sé af hávaða eða hann sé heilsuspillandi. Gefin er leiðbeining um hvernig túlka beri niðurstöður og m.a. tekið fram að taka eigi tillit til breytilegra aðstæðna, en nefna má að á skotvöllum fyrir haglabýssur, þar sem hljóðvörnum verði ekki komið við, megi hækka efri viðmiðunarmörk hljóðstyrks fyrir nýja skotvelli um 5 „dB(A)“. Verður og bent á að Heilbrigðiseftirlitinu var mögulegt að leita nánari skýringa hjá Umhverfisstofnun um hvernig mælingar samkvæmt mæliaðferð þessari fari fram og hvernig túlka beri niðurstöður. Í gögnum þessa máls eru raunar skýrslur vegna hljóðmælinga sem Heilbrigðiseftirlitið framkvæmdi árið 2022 með þessari mæliaðferð vegna starfseminnar í Álfnesi sem gáfu til kynna að hávaði væri innan viðmiðunarmarka. Á móti hafa kærendur vísað til mælinga sem þeir létu framkvæma með sömu mæliaðferð sem virðast gefa aðra niðurstöðu.

Þrátt fyrir að SKOTREYN sé ljóst að umræddar reglur hafi ekki beint lagagildi á Íslandi hefur félagið ráðist í það að láta verkfræðistofuna Brekke & Strand Akustikk, reikna út hljóð frá skotvelli félagsins eins og fram kemur í meðfylgjandi skýrslu, dags. 17. apríl 2026.

III. Um þörfina fyrir skotsvæði

Þörfin fyrir slíkt svæði sem hér um ræðir er ótvíræð.

Í fyrsta lagi skiptir miklu að til séu svæði þar sem veiðimenn geta æft skotfimi til að tryggja að veiðimenn verði færar skyttur. Það tryggir snögga aflífun dýra við veiðar og kemur í veg fyrir að særð dýr sleppi frá veiðimönnum. Það er æðsta markmið sérhvers veiðimanns á veiðislóð að aflífa bráð á snöggan og fumlausan hátt og særa ekki dýr. Það er því dýraverndarmál að tryggja tryggja slíka aðstöðu.

Í öðru lagi væri það mikil afturför ef veiðimenn hrekjast aftur í yfirgefnar námur eða önnur opin svæði í nágrenni borgarinnar til að æfa sig. Það er umhverfismál til að tryggja að veiðimenn séu ekki að æfa skotfimi út um allt með þeirri mengun sem alltaf fylgir slíkri starfsemi vegna notkunar skotfæra, hávaða og auðvitað leirdúfubrota.

Í þriðja lagi er það öryggismál að til séu slík svæði en meiri hætta er á slysum ef æfingar fara fram hér og hvar og á svæðum sem ekki eru ætluð fyrir slíka starfsemi.

Í fjórða lagi hefur öll verkleg kennsla vegna skotvopnanámskeiða farið fram á svæðum félaganna í Álfsnesi.

IV. Um skipulag o.fl.

Eins og áður var getið hefur Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 verið breytt aftur til að tryggja að hægt sé að veita félögunum starfsleyfi sbr. umfjöllun að framan.

Landnotkun hefur nú verið breytt eins og sýnt er á meðfylgjandi uppdrætti úr greindri aðalskipulagsbreytingu:



Skilgreint hefur verið íþróttasvæði (ÍP9) á Álfsnesi, alls um 33 ha að stærð og miðast afmörkun þess við núverandi starfsemi skotfélaganna.

Í kafla 10 í greinargerð aðalskipulagsins er bætt við eftirfarandi texta um opin svæði til sérstakra nota, íþróttasvæði (ÍP), (bls. 105):

„ÍP9. Skotæfingasvæði Álfsnesi. Íþróttasvæði þar sem heimilt er að stunda skotæfingar, skotíþróttir og skylda íþróttastarfsemi. Heimilt verði að endurnýja starfsleyfi til félaga á svæðinu allt að til ársloka 2028. Starfsleyfið skal innihalda eftirfarandi skilyrði og mótvægisáðgerðir, í það minnsta, sbr. einnig umfjöllun í 5. kafla:

- 1) Opnunartími skotæfingasvæðanna verði takmarkaður og ákveðinn í starfsleyfi og miðist að jafnaði við 5 daga í viku.*
- 2) Rekstraraðili skal tryggja hljóðvarnir og koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða. Setja skal í forgang einfalda áðgerð eins og að hljóðeinangra betur riffilskothús.*
- 3) Nota skal hljóðdeyfa í riffilskotfimi þegar því verður viðkomið.*

4) Haga skal skotstefnu þannig að hávaði valdi sem minnstu ónæði, þar sem því er viðkomandi. Á velli Skotreynar verði skoðað að snúa skotstefnu til NA til að leitast við að draga úr ónæði af völdum hávaða.

5) Með umsókn um starfsleyfi HER skal rekstraraðili leggja fram tillögur að raunhæfum aðgerðum til að lágmarka ónæði vegna hávaða frá starfsemi ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun.

6) Í starfsleyfi skal setja fram skýrar kröfur um vöktun hávaða frá starfsemi. Við undirbúning starfsleyfa framkvæmi heilbrigðiseftirlit hávaðamælingar samkvæmt gildandi reglugerðum og opinberum leiðbeiningum þar um. Verði breytingar á reglugerðum eða opinberum leiðbeiningum er varða hávaðakröfur frá skotvöllum verði þessar mælingar endurteknar og starfsleyfi endurskoðað gefi niðurstöður mælinga tilefni til. Heilbrigðiseftirlit framkvæmi tímabundnar vöktunarmælingar með siritandi hávaðamælum a.m.k. tvisvar á ári. Notkun blýhagla verði óheimil.

7) Nota skal blýlaus riffilskot eða skot með lágmarksinnihaldi blýs séu blýlaus skot ekki valkostur.

8) Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons).

9) Rekstraraðilar skotsvæða skulu standa fyrir almennri hreinsun á svæðinu að minnsta kosti tvisvar á ári þar sem högl, tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu. Ennfremur skulu rekstraraðilar standa að hreinsun fjörunnar með reglubundnum hætti a.m.k. tvisvar sinnum á ári, þar sem áhersla skal vera á að fjarlægja högl, skot, leirdúfurestar, tóm skothylki og forhlöð sem hafa borist út fyrir skotsvæðin

10) Þegar starfsemi leggst af skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemi hefur til umræða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við HER. Jafnframt skal rekstraraðili vinna áhættugreiningu í samræmi við ákvæði í 10. gr. reglugerðar um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020 og skila til HER ásamt tillögum að aðgerðum í samræmi við niðurstöður áhættugreiningarinnar. Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umræða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrir en úttekt HER hefur farið fram og hreinsun verið metin fullnægjandi.

11) Undirbúa skal frekari rannsóknir á áhrifum mögulegrar blýmengunar á lífríki og fuglalíf sérstaklega og vistkerfi, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar. Mikilvægt er að rekstraraðilar skotvalla geri grein fyrir áhrifum starfseminnar á vatn, sbr. markmið um verndun þeirra og ásættanlegt ástand, sbr. Vatnaáætlun, við undirbúning útgáfu starfsleyfa. Við frekari rannsókni á ástandi viðkomandi vatnshlota mætti skoða þann möguleika að huga að þeim rannsóknum í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum.

Stefna um landnotkun á svæðinu verður tekin til endurskoðunar innan fjögurra ára og þá á grundvelli niðurstaðna um staðarval skotæfingasvæða til lengri framtíðar litið. Ljóst er að sú vinna, skipulagsbreytingar og mat á umhverfisáhrifum og undirbúningur framkvæmda getur tekið drjúgan tíma og því mikilvægt að skapa hæfilegt svigrúm í aðalskipulaginu fyrir núverandi starfsemi til skemmri tíma litið.“

Umsóknin samræmist því gildandi aðalskipulagi.

Ekki er til deiliskipulag af svæðinu.

Félagið telur að umrætt svæði henti sérstaklega vel til starfsemi umræddra skotvalla. Við gerð Sundabrautar megi til framtíðar að auki bæta hljóðvist frá svæðunum t.d. með því að nýta efni frá framkvæmdunum. Vel verði hægt að starfrækja svæðin áfram eftir að Sundabraut yrði byggð en líklega þyrfti að færa svæði SKOTREYNAR eitthvað til eftir því hver lega Sundabrautar yrði nákvæmlega.

V. Um hljóðvist

Eins og rakið var að framan fékk SKOTREYN Brekke & Strand Akustikk, verkfræðistofu, til að kortleggja hávaðaútbreiðslu frá skotvöllum á skotæfingasvæði Skotreynar á Álfsnesi. Var kortlagningin unnin í samræmi við sænskar eftirlitsleiðbeiningar sbr. leiðbeiningar Umhverfisstofnunar þar um frá árinu 2022, til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, og niðurstöðu úrskurðar Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um er að ræða leiðbeiningar Sænsku Umhverfisstofnunarinnar Allmänna råd om buller från skjutbanorbanor, NFS 2005:15 með tengdum leiðbeiningum Riktlinjer för skjutbanor.

Rétt er að taka fram að sænsku reglurnar tóku gildi árið 1982 í Svíþjóð. Af þeirri ástæðu eru mismunandi viðmið fyrir velli sem teknir voru í notkun fyrir og eftir 1982.

Á Íslandi hafa ekki verið í gildi sérstök viðmið fyrir skotvelli. Drög að breytingu reglugerð um hávaða, sem kynnt voru í fyrra, þ.e. sá kafli sem snéri að skotvöllum, byggði á greindum reglum. Á sama hátt og í sænsku reglunum voru önnur viðmið notuð fyrir velli byggða fyrir 2025, en reglugerðin átti að taka gildi þá.

Tafla 3 Mörk fyrir hávaða á skotsvæðum frá Sænsku Umhverfisstofnuninni, NFS 2015:15

Svæði	Mánudagar til föstudagar	Laugardagar, sunnudagar og opinberir frídagar		Nótt ²
	Dag og kvöld 07–22 (dBAI)	Dagur 09–19 (dBAI)	Kvöld 19–22 (dBAI)	Nætur á virkum dögum 22–07 og á laugardögum, sunnudögum og opinberum frídögum 22–09 (dBAI)
Íbúðarhús fyrir varanlega búsetu og sumarhús				
Nýbygging eða veruleg endurbygging skotvallar	65–70	65–70	60–65	55–60
Vellir byggðir fyrir 1982 sem hafa ekki breytt verulega rekstrinum síðan þá	65–75	65–75	60–70	55–65
Vellir byggðir fyrir 1982, með óverulegum truflunum	65–80	65–80	60–75	55–65
Heilbrigðisþjónusta				
Nýbygging eða veruleg endurbygging skotvallar	65–70	65–70	60–65	55–60
Vellir byggðir fyrir 1982 sem hafa ekki breytt verulega rekstrinum síðan þá	65–75	65–75	60–70	55–65
Vellir byggðir fyrir 1982, með óverulegum truflunum	65–80	65–80	60–75	55–65
Kennsluástaða og útivistarsvæði¹				

Nýbygging eða veruleg endurbygging skotvallar	60–65	60–65	60–65	-
Vellir byggðir fyrir 1982 sem hafa ekki breytt verulega rekstrinum síðan þá	60–70	60–70	60–70	-
Vellir byggðir fyrir 1982, með óverulegum truflunum	60–75	60–75	60–75	-

¹ Útivistarsvæði vísar til svæðis í skipulagi sem ætlað er fyrir útivist eða önnur svæði sem eru oftast notuð til útivistar þar sem upplifun náttúrunnar skiptir miklu máli og lágt hljóðstig telst til sérstakra gæða. Bakgrunnshljóðstigið er lágt og engin önnur truflandi starfsemi er til staðar, svo sem helstu umferðarleiðir, mótorsportsbrautir, bátaumferð eða snjósleðaleiðir.

² Vísar aðeins til hernaðarþjálfunar. Á nóttunni ættu engar aðrar skotæfingar að fara fram.

Samkvæmt sænsku reglum ber að nota töflurnar sem viðmið/leiðbeiningar við ákvörðun í hverju tilviki fyrir sig. Fram kemur að nauðsynlegt kunni að vera að víkja frá viðmiðunum upp eða niður við mat á hverju tilviki. Töflurnar eru því ekki einhlítar heldur til viðmiðunar.

Í sænsku reglum segir m.a. jafnframt (í íslenskri þýðingu):

Notkunarleiðbeiningar fyrir viðmiðunarreglur

Notast á við viðmiðunarreglur vegna hávaða sem verður þegar skotið er með vopnum og skotfærum sem gefa frá sér mestan hávaða.

Viðmiðunarreglurnar fela í sér viðmið og leiðbeiningar fyrir það mat, sem fram fer í hverju tilviki. Sérstakar ástæður geta leitt til þess að gera þurfi undantekningar/veita undanþágur, bæði upp og niður frá viðmiðunarreglunum.

Nýbyggð skotsvæði eða skotsvæði sem hefur verið mikið breytt

Við byggingu nýrra skotsvæða eða miklar breytingar á skotsvæðum á að miða að því að ná lægra viðmiðinu í töflunni. Á skotsvæðum sem ekki eru mikið nýtt má nýta hærra viðmiðið. Á skotsvæðum sem eru einungis nýtt í nokkra daga á ári má einnig samþykkja hærri viðmið.

Skotsvæði byggð fyrir 1982

Á skotsvæðum sem byggð eru fyrir 1982 þar sem starfsemin hefur ekki breyst að verulegu leiti er leyfilegt að hávaði/hljóðstyrkur fari 5-10 dBAI yfir þau mörk sem gilda fyrir nýbyggð skotsvæði eða skotsvæði sem hefur verið mikið breytt. Heimild til að fara 10 dBAI yfir mörk á einungis við um skotsvæði sem valda lítilli truflun og oftast þar sem starfsemi er lítil.

Skotsvæði fyrir haglabyssur

Á skotsvæðum fyrir haglabyssur þar sem ekki er mögulegt að viðhafa hávaðaminnkandi aðgerðir má hávaði/hljóðstyrkur fara 5 dBAI yfir hærri viðmiðunarmörk fyrir nýbyggð skotsvæði og skotsvæði sem hefur verið mikið breytt.

Keppni

Við stærri viðburði, t.d. sænska meistaramótið eða sambærilegar stærri keppnir/mót, má notast við viðmið fyrir dagtíma frá kl. 07, líka um helgar og á frídögum.

(Undirstr. umsækjandi)

Um nýja velli eða verulegar breytingar á eldri völlum gildir viðmiðið 60-75 (dBAI) samkvæmt sænsku reglum. Fram kemur að við nýja velli skuli stefna að því að miða við lægra gildið. Fyrir velli með lítilli notkun megi nota hærra gildið. Þegar um sé að ræða velli sem séu notaðir aðeins fáa daga á ári megi fara upp fyrir hærra gildið.

Fyrir eldri velli, byggða fyrir 1982, er skv. reglum heimilt að fara 5–10 (dBAI) yfir hærra viðmiðunargildi fyrir dag og kvöld 65-75 (dBAI).

Þegar um er að ræða haglabysuvelli má fara 5 (dBAI) yfir hærra viðmið ef ekki er hægt að framkvæma hávaðaminnkandi ráðstafanir.

Í tilviki skotvallar SKOTREYNAR augljóslega um að ræða eldri völl og völl þar sem eingöngu eru notaðar haglabyssur. Viðmiðið fyrir völl SKOTREYNAR skv. sænsku reglunum er því, að mati félagsins, í raun 75-80 (dBAI). SKOTREYN telur raunar að völlurinn falli einnig undir velli sem eru lítið notaðir.

Eins og áður er rakið eru ekki í gildi reglur um sérstök viðmið fyrir skotvelli á Íslandi. Fyrir liggja drög að breytingu reglugerð um hávaða, frá árinu 2025, þar sem sett eru inn slík viðmið. Sú breyting hefur hins vegar ekki öðlast gildi. Í þeim er gert ráð fyrir því að nota sambærileg viðmið og notuð eru í sænsku reglunum.

Niðurstöður skýrslu verkfræðistofunnar Brekke & Strand Akustik, án mótvægisáðgerða, eru sýndar á hávaðakorti í skýrslunni. Hávaðinn berst aðallega í norðurátt vegna stefnuvirkni hávaða frá vopnunum. Hæð í landslaginu austan við vellina, sem er um 20 metra há, hefur skermunaráhrif til austurs frá svæðinu.

Næstu byggingar norðan við Kollafjörð eru með reiknuð hámarksaugnabliksgildi á bilinu LAI 75 til 80 dB þ.e. sumarhúsin Móavík og spilda úr landi Móa. Þá er íbúðarhúsið Móaberg er með gildi yfir LAI 70 dB. Hávaði er langt undir LAI 70 dB. við Naustanes, sem er það íbúðarhús sem er næst svæðinu, sem og annarstaðar utan Álfness.

Það eru því í raun bara 3 mannvirki sem eru með reiknuð gildi yfir LAI 70 dB.

SKOTREYN vill jafnframt minna á það að við mælingar í júní og júlí 2022, sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerði, og unnin var að því félagið best veit, í samræmi við sænsku reglurnar, voru mæld gildi hæst 52,08 LAeq við Naustanes en allstaða annarstaðar undir þeim mörkum sbr. meðfylgjandi tafla:

Jafngildishljóðstig									
		mæling nr.	dagsetning mælingar	Hleðsla [g]	LAeq	LAFmax	Lceq	Athugasemd	
Móavík	Skotbraut 1	5	29/06/2022	19	48.13	77.16	100.85		
	Skotbraut 2	6	29/06/2022	19	51.51	78.89	101.61		
	Skotbraut 4	7	29/06/2022	19	34.87	59.04	82.6		
	Skotbraut 1	16	06/07/2022	28	43.67	72.12	85.33		
Móaberg	Skotbraut 4	17	06/07/2022	28	37.07	68.37	81.85		
	Skotbraut 1	1	29/06/2022	19	39.96	64.27	87.69		
	Skotbraut 2	2	29/06/2022	19	45.07	63.42	87.05		
	Skotbraut 4	3	29/06/2022	19	32.68	53.8	78.19		
	Skotbraut 1	8	29/06/2022	28	39.51	63.52	79.8		
Stekkur	Skotbraut 4	9	29/06/2022	28	34.82	50.42	75.59		
	Skotbraut 1	10	29/06/2022	28	39.54	59.46	86.44		
	Skotbraut 1	11	01/07/2022	28	40.89	57.22	80.37		
Naustanes	Skotbraut 4	12	01/07/2022	28	40.26	58.04	83.15	Ekki er hægt að greina skothljóð frá umhverfisljóðum	
	Skotbraut 1	14	05/07/2022	28	52.08	65.9	93.09	Ekki er hægt að greina skothljóð frá umhverfisljóðum - um er að ræða bakgrunnsávaða	
	Skotbraut 4	15	05/07/2022	28	50.41	65.23	86.82	Ekki er hægt að greina skothljóð frá umhverfisljóðum - um er að ræða bakgrunnsávaða	
Hvammur	Skotbraut 1	18	06/07/2022	28	39.15	53.63	82.27	Erfitt að greina skothljóð frá umhverfisljóðum	
	Skotbraut 4	19	06/07/2022	28	45.64	75.4	90.33	Erfitt að greina skothljóð frá umhverfisljóðum	

Einnig hefur HER mælt LAI með sænsku aðferðinni. Var hljóð innan marka í þeirri mælingu. Mismunur á útreiknaðri hljóðvist vs. mældri getur falist í því þeirri staðreynd að skekkjumörk í útreiknaðri aðferð eru um 5 db. Það má líka benda á þá staðreynd að ráðandi vindátt við veðurmælistöð á Geldinganesi er NA eða NNA með meðalvindstyrk 6-7 m á sekúndu sem er stinningskaldi (fyrir þá sem muna það). Einmitt slík vindátt dregur ennfrekar úr hljóðmengun þar sem staðallinn gerir ráð fyrir 0 metrum á sekúndu í útreikningi.

Í úrskurðarorðum nefndarinnar segir:

„Gefin er leiðbeining um hvernig túlka beri niðurstöður og m.a. tekið fram að taka eigi tillit til breytilegra aðstæðna, en nefna má að á skotvöllum fyrir haglabyssur, þar sem hljóðvörnum verði ekki komið við, megi hækka efri viðmiðunarmörk hljóðstyrks fyrir nýja skotvelli um 5 „dBAI“. Verður og bent á að Heilbrigðiseftirlitinu var mögulegt að leita nánari skýringa hjá Umhverfisstofnun um hvernig mælingar samkvæmt mæliaðferð þessari fari fram og hvernig túlka beri niðurstöður. Í gögnum þessa máls eru raunar skýrslur vegna hljóðmælinga sem Heilbrigðiseftirlitið framkvæmdi árið 2022 með þessari mæliaðferð vegna starfseminnar í Álfsnesi sem gáfu til kynna að hávaði væri innan viðmiðunarmarka.“

Með vísan til alls framangreinds, þ.e. að um er að ræða skotvöll, þar sem eingöngu eru notaðar haglabyssur, völlurinn var byggður er áður en nokkrar reglur hafa verið settar um hljóðvist frá skotvöllum, hljóðvist er innan marka skv. nógildandi reglugerð um hávaða, á vellinum er tiltölulega lítil starfsemi (þannig er stóran hluta ársins aðeins opið í stuttan tíma á laugardögum), áhrif starfseminnar eru langt undir öllum mörkum, nema fyrir tvö sumarhús og eitt íbúðarhús, að hljóð frá starfsemi vallarins sé innan allra eðlilegra marka m.t.t. sænsku reglnanna sem og fyrirliggjandi draga að breytingu á reglugerð um hávaða. Einnig eru umhverfisaðstæður þannig að þær draga úr hávaða.

Þá er minnt á að samkvæmt aðalskipulagi er eingöngu heimilt að veita leyfið í mjög skamman tíma þ.e. til ársins 2028.

Félagið telur, eins og sænsku reglurnar gera ráð fyrir, að meta verði áhrif vallarins m.t.t. þess að hann hefur verið starfræktur í mjög langan tíma og að fyrir liggur, skv. niðurstöðu starfshóps um skotsvæði, að ekki sé til hentugri staður fyrir starfsemi vallarins.

VI. Um opnunartíma

Í starfsleyfisreglum, sem fylgdu starfsleyfi félagsins frá 13. febrúar 2025, var leyfilegur opnunartími á svæði SKOTREYNAR eftirfarandi:

4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:

4.1.1 Mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10-21, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 10-19 og laugardaga frá kl. 10-16.

4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá kl. 10-19 á föstudögum, laugardögum og/eða sunnudögum, þó má mót ekki ná yfir fleiri en tvo daga samfellt. Einungis er heimilt að halda eitt slíkt mót í hverjum mánuði. Tilkynna skal um slíka viðburði til Heilbrigðiseftirlitsins og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst 14 daga fyrirvara.

4.1.3 Starfsemi skal vera lokuð næsta mánudag eftir hvert mót.

4.1.4 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa og páskadag.

4.2 Brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað starfsleyfissviptingu

Opnunartíminn var þannig takmarkaður frá starfsleyfinu sem gefið var út þann 26. júlí 2022.

Félagið vill minna á að megin þungi starfsemi félagsins fer fram á sumrin, enda bara opið í fjóra tíma á laugardögum á veturna. Ástæða þess að starfsemin fer að langmestu leyti fram á sumrin er þriðja. Aðallega vegna þess að þá eru veður orðin stöðug og hægt að stunda æfingar úti. Í annan stað ræðst það af birtu en á sumrin er bjart á kvöldin eins og kunnugt er. Veður og birta eru forsenda starfseminnar, enda hvorki hægt að stunda leirdúfuskotfimi í myrkri eða vondu veðri. Mjög fáir hafa tækifæri til að mæta á svæðið fyrr en eftir að vinnudegi lýkur sem er í flestum tilvikum þá ekki fyrr en eftir kl. 18.00. Í því sambandi er minnt á að svæðið er jú í nokkurri akstursfjarlægð frá miðju höfuðborgarsvæðisins og þeir sem hyggjast stunda slíkar æfingar þurfa að fara heim úr vinnu og sækja búnað s.s. byssur og skot áður en keyrt er upp á Álfsnes. Ekki er forsvaranlegt að geyma vopn og skotfæri í bílum við vinnustaði. Mikilvægasti tími dagsins fyrir félagið er því frá kl. 18.00 til 21.00 á virkum dögum á sumrin þ.e. þá þrjá virku daga sem félagið hefur haft opið. Þann tíma má alls ekki skerða.

Í þriðja lagi þá er ástæða þess að megin þungi starfseminnar fram á sumrin og haustin sú að aðalveiðitíminn er á haustin þ.e. frá 20. ágúst og fram yfir rjúpnaveiðitímann. Því reyna veiðimenn að æfa vel á sumrin og fram á haust en hverfa þá til veiða. Skerðing á opnunartíma á sumrin, frá starfsleyfisreglum, sem samþykktar voru 2025 myndi því ónýta svæðið fyrir veiðimenn.

Með umsókn þessari er sótt um sama opnunartíma og í fyrra leyfi enda ljóst að hann fellur að skilyrði aðalskipulagsbreytingarinnar sem er að opnunartími svæðanna verði takmarkaður og ákveðinn í starfsleyfi og miðist að jafnaði við 5 daga í viku. Minnt er á að opnunartími svæðisins á veturna er að jafnaði frekar takmarkaður þ.e. eingöngu á laugardögum í stuttan tíma. Félagið vill áréttta mikilvægi þess að félagið geti haft opið á sumrin a.m.k. þrjá daga til kl. 21.00 á kvöldin.

VII. Önnur skilyrði skv. aðalskipulagi

Félagið telur hvað önnur skilyrði varðar þá eigi að setja sömu skilyrði og sett voru í starfsleyfi félagsins sem samþykkt var þann 13. febrúar 2025. Ekki sé þörf á frekari takmörkunum en gerðar voru í því leyfi enda liggja fyrir mælingar heilbrigðiseftirlitsins sjálfs sem staðfesta að hávaði frá svæði félagsins fór aldrei yfir mörk reglugerðar um hávaða.

Til upprifjunar eru svör félagsins í úr greinargerð sem fylgdi umsókn félagsins frá 2025 við þeim skilyrðum sem sett voru með breytingu á aðalskipulaginu:

Hvað varðar þau skilyrði sem sett voru í hinni nýju aðalskipulagsbreytingu þá verður nú vikið að hverju þeirra fyrir sig hér að neðan:

- 1) *Opnunartími skotæfingasvæðanna verði takmarkaður og ákveðinn í starfsleyfi og miðist að jafnaði við 5 daga í viku.*

Svar: Sótt eru um leyfi í samræmi við þessa takmörkun.

- 2) *Rekstraraðili skal tryggja hljóðvarnir og koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða. Setja skal í forgang einfalda aðgerð eins og að hljóðeinangra betur riffilskothús.*

Svar: Félagið er ekki með riffilhús en hefur þegar sett upp hljóðisogsplötur í þau skothús fyrirhagglabyssuskotfimi sem eru á svæði félagsins.

- 3) *Nota skal hljóðdeyfa í riffilskotfimi þegar því verður viðkomið.*

Svar: Þar sem ekki er riffilæfingabraut á svæði félagsins á þetta ekki við um starfsemi á svæðinu auk þess sem ekki er heimilt að nota hljóðdeyfa á haglabyssur.

- 4) *Haga skal skotstefnu þannig að hávaði valdi sem minnstu ónæði, þar sem því er viðkomið. Á velli Skotreytnar verði skoðað að snúa skotstefnu til NA til að leitast við að draga úr ónæði af völdum hávaða.*

Svar: Félagið er auðvitað tilbúið til samstarfs um að skoða hvort kostur geti verið að snúa skotstefnu vallanna. Ljóst er hins vegar að það tekur tíma, kostar peninga auk þess sem skoða þarf hvort það er nauðsynlegt og ef svo er hverjar eru bestu útfærslur þess. Við skoðun á þessu verður að hafa í huga að aðalskipulagsbreytingin gerir ekki ráð fyrir starfsemi á svæðinu nema í stuttan tíma og verður að skoða þessa kröfu í því ljósi og m.t.t. sjónarmiða um meðalhóf. Öðru máli gegnir auðvitað geti félagið notað svæðið til framtíðar. Telji heilbrigðiseftirlitið nauðsynleg að þetta verði skoðað er þess krafist að það verði ekki skilyrði fyrir opnun svæðisins heldur verði gerð áætlun um skoðun á þessu í samvinnu við embættið og Reykjavíkurborg.

- 5) *Með umsókn um starfsleyfi HER skal rekstraraðili leggja fram tillögur að raunhæfum aðgerðum til að lágmarka ónæði vegna hávaða frá starfsemi ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun.*

Svar: Félagið telur sig ekki hafa forsendur til að setja fram aðrar tillögur en; 1) takmarka opnunartíma eins og umsóknin gerir ráð fyrir, 2) einangra skothús á svæðinu með hljóðisogsefni, 3) eiga samstarf við heilbrigðiseftirlitið um að skoða að snúa skotstefnu skotvalla á svæðinu á fyrsta ári starfsleyfisins að teknu tilliti til hljóðmælinga sem gerðar verða og annarra þátta þ.m.t. á öryggi vallanna o.fl. Það er m.a. í samræmi við skilyrði í leyfinu frá 26. júlí 2023, í kafla 3.

- 6) *Í starfsleyfi skal setja fram skýrar kröfur um vöktun hávaða frá starfsemi. Við undirbúning starfsleyfa framkvæmi heilbrigðiseftirlit hávaðamælingar samkvæmt gildandi reglugerðum og opinberum leiðbeiningum þar um. Verði breytingar á reglugerðum eða opinberum leiðbeiningum er varða hávaðakröfur frá skotvöllum verði þessar mælingar endurteknar og starfsleyfi endurskoðað gefi niðurstöður mælinga tilefni til. Heilbrigðiseftirlit framkvæmi tímabundnar vöktunarmælingar með siritandi hávaðamælum a.m.k. tvisvar á ári. Notkun blýhagla verði óheimil.*

Svar: Hvað varðar hljóðmælingar lýsir félagið því yfir að það er sannarlega reiðubúið til samstarfs um slíkar mælingar, hér eftir sem hingað til, en leggur áherslu á að slíkar mælingar verði ekki íþyngjandi fyrir félagið fjárhagslega. Hvað varðar notkun blýhagla þá voru þau bönnuð skv. fyrra starfsleyfi. Félagið sættir sig við slíka takmörkun.

- 7) *Nota skal blýlaus riffilskot eða skot með lágmarksinnihaldi blýs séu blýlaus skot ekki valkostur.*

Svar: Ekki er riffilbraut á svæði félagsins þannig að þetta á ekki við um svæði SKOTREYNAR.

- 8) *Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons).*

Svar: Þetta er í samræmi við skilyrði í leyfinu frá 26. júlí 2023 og gerir félagið ekki athugasemdir við þetta.

- 9) *Rekstraraðilar skotsvæða skulu standa fyrir almennri hreinsun á svæðinu að minnsta kosti tvisvar á ári þar sem högl, tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu. Ennfremur skulu rekstraraðilar standa að hreinsun fjörunnar með reglubundnum hætti a.m.k. tvisvar sinnum á ári, þar sem áhersla skal vera á að fjarlægja högl, skot, leirdúfurestar, tóm skothylki og forhlöð sem hafa borist út fyrir skotsvæðin.*

Svar: Félagið getur alveg fallist á skilyrði um hreinsun svæðisins en telur í sjálfu sér ekki nauðsynlegt að framkvæma slíka hreinsun nema einu sinni ári. Félagið telur hins vegar útilokað að hreins upp högl af svæðinu. Þá er minnt á að notkun blýhagla hefur verið bönnuð og því ekki ástæða til að hreinsa þau upp. Stálhögl eru tæpast mengunarvaldur. Slík krafa væri líka án fordæma á norðurlöndum það félagið best veit. Félagið kannast eingöngu við að gerðar hafi verið kröfur um gildirur fyrir riffilkúlur en riffilar eru ekki notaðir á svæði SKOTREYNAR.

- 10) *Þegar starfsemin leggst af skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við HER. Jafnframt skal rekstraraðili vinna áhættugreiningu í samræmi við ákvæði í 10. gr. reglugerðar um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020 og skila til HER ásamt tillögum að aðgerðum í samræmi við niðurstöður áhættugreiningarinnar. Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt HER hefur farið fram og hreinsun verið metin fullnægjandi.*

Svar: Félagið gerir ekki athugasemdir við þetta enda verði skilmálar hreinsunarinnar sanngjarnir, gætt meðalhófs og í samræmi við fyrri starfsleyfi félagsins.

- 11) *Undirbúa skal frekari rannsóknir á áhrifum mögulegrar blýmengunar á lífríki og fuglalíf sérstaklega og vistkerfi, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar. Mikilvægt er að rekstraraðilar skotvalla geri grein fyrir áhrifum starfseminnar á vatn, sbr. markmið um verndun þeirra og ásættanlegt ástand, sbr. Vatnaáætlun, við undirbúning útgáfu starfsleyfa. Við frekari rannsóknir á ástandi viðkomandi vatnshlota mætti skoða þann möguleika að huga að þeim rannsóknum í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum.*

Svar: Félaginu er ekki ljóst hvað felst í þessari kröfu. Minnt er á að um er að ræða starfsemi sem verið hefur á svæðinu um áratugaskeið. Notkun blýs hefur verið bönnuð og settar takmarkanir á gerð leirdúfna á svæðinu. Telji heilbrigðiseftirlitið nauðsynlegt að fara í slíka rannsókn eða gera vatnaáætlun óskast félaginu leiðbeint þar um og gerð slíkar áætlunar ekki gerð að skilyrði fyrir opnun svæðisins heldur skuli hún unnin að liðnum tilteknum tíma.

Undirritaður mun góðfúslega veita frekari upplýsingar verði þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. SKOTREYNAR,

Róbert Reynisson,
formaður.

Fylgiskjöl: Skýrsla Brekke & Strand Akustikk, dags. 17. apríl 2026.

Bréf um áhrif á vatnshlot, dags. 17. apríl 2026, ásamt greinargerð og fylgiskjöllum frá tveimur skotframleiðendum.

Að öðru leyti er vísað til gagna með umsóknar félagsins frá 2025

1. Inngangur

Greinargerð þessi er unnin í tengslum við umsókn um starfsleyfi fyrir skotvöll og tekur sérstaklega til áhrifa starfseminnar á yfirborðsvatn og grunnvatnshlot, í samræmi við ákvæði laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og markmið vatnaáætlunar.

Við matið er stuðst við fyrirbyggjandi gögn um:

- efnainnihald haglaskota (stálskot),
 - efnasamsetningu leirdúfa,
 - og fyrirbyggjandi umsagnir og skýringar umsækjanda.
-

2. Lagaumhverfi og kröfur

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 36/2011 skal:

- vernda yfirborðs- og grunnvatn,
- koma í veg fyrir að ástand vatnshlota versni,
- og tryggja að efnafræðilegt ástand sé að lágmarki gott.

Þá er sérstaklega gerð krafa um að rekstraraðilar geri grein fyrir mögulegum áhrifum starfsemi sinnar á vatnshlot við umsókn um starfsleyfi.

3. Lýsing á starfsemi

Starfsemi skotvallarins felst í:

- notkun haglaskota (stálskot),
- notkun leirdúfa til skotæfinga.

Starfsemin notar ekki vatn beint í rekstri sínum og felur því ekki í sér losun frárennslis eða vökvamengunar frá starfsemi.

4. Efnainnihald og mengunarmöguleikar

4.1 Heglaskot (stálskot)

Samkvæmt efnagreiningu framleiðanda eru haglaskotin úr stáli og innihalda m.a.:

- kolefni (C),
- mangan (Mn),
- kísil (Si),
- brennistein (S),

- fosfór (P),
- króm (Cr).

Ekki kemur fram að skotin innihaldi blý.

Mat:

- Stálskot eru almennt talin umhverfisvænni en blýskot.
 - Upplýsanleiki þeirra í jarðvegi og vatni er lítil við venjulegar aðstæður.
 - Áhrif á vatnshlot teljast því mjög takmörkuð.
-

4.2 Leirdúfur

Samkvæmt prófunarskýrslu:

- innihalda leirdúfurnar ekki mælanlegt magn af PAH-efnum (fjölhringa arómatísk kolvetni),
- heildarmagn PAH var undir greiningarmörkum og niðurstaða „Pass“.

Mat:

- PAH-efni eru meðal helstu umhverfisáhrifum í hefðbundnum leirdúfum.
 - Skortur á mælanlegum PAH bendir til þess að umhverfisáhrif séu mjög lítil.
-

4.3 Blýmengun

Í fyrirbyggjandi gögnum kemur fram:

- að hvorki haglaskot né leirdúfur innihaldi blý,
- og því sé möguleg blýmengun „engin eða hverfandi“.

Mat:

- Þar sem blý er helsti mengunarvaldur á skotsvæðum, er fjarvera þess afgerandi þáttur.
 - Áhætta fyrir vatnshlot vegna blýs telst því óveruleg.
-

5. Áhrif á vatnshlot

5.1 Yfirborðsvatn

- Engin bein losun frá starfsemi.
- Engin notkun efna sem leysast auðveldlega upp í vatni.

Niðurstaða:

Áhrif á yfirborðsvatn eru hverfandi.

5.2 Grunnvatn

- Efni sem falla til (stál og brot úr leirdúfum) eru:
 - lítt hreyfanleg í jarðvegi,
 - og lítið leysanleg.
- Engin þekkt uppsöfnun hættulegra efna samkvæmt gögnum.

Niðurstaða:

Áhrif á grunnvatn eru óveruleg.

5.3 Óvissuþættir

- Jarðvegur á svæðinu hefur áður verið raskaður og fylltur með efni af óþekktum uppruna.
 - Því er mögulegt að:
 - fyrirbyggjandi jarðvegsmengun hafi áhrif,
 - en hún tengist ekki núverandi starfsemi.
-

6. Vöktun og mótvægisaðgerðir

Til að tryggja áframhaldandi vernd vatnshlota er lagt til:

6.1 Vöktun

- reglubundin athugun á:
 - fuglalífi og dánarorsökum fugla,
 - mögulegum breytingum á jarðvegi,
- sýnataka ef grunur vaknar um mengun.

6.2 Viðbrögð

- ef merki um mengun koma fram:
 - senda sýni til frekari greiningar (t.d. Keldna),
 - grípa til viðeigandi úrbóta.
-

7. Heildarmat og niðurstaða

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er niðurstaðan sú að:

- starfsemi skotvallarins veldur **ekki mælanlegri losun hættulegra efna** í vatn,
- **engin blýmengun** er tengd starfseminni,
- leirdúfur eru **lausar við PAH-efni**,
- og efni sem notuð eru hafa **litla hreyfanleika og leysanleika í jarðvegi**.

Lokaályktun:

Starfsemin hefur **óveruleg eða engin áhrif á yfirborðs- og grunnvatnshlot** og er í samræmi við markmið laga nr. 36/2011 um verndun vatns.

8. Tillaga að niðurstöðu í starfsleyfi

Með hliðsjón af ofangreindu er lagt til að:

- veitt verði starfsleyfi með almennum skilyrðum um vöktun,
- en ekki þörf á sérstökum takmörkunum vegna vatnsmengunar.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Borgartúni 12

105 Reykjavík

Reykjavík, 13. maí 2026.

VIÐAUKI VIÐ KAFLA UM MÓTVÆGISAÐGERÐIR VEGNA SKOTREYNAR

Eftirfarandi er viðauki um mótvægisáðgerðir vegna umsóknar Skotveiðifélags Reykjavíkur (SKOTREYN) um starfsleyfi fyrir skotvöll félagsins á Álfsnesi.

Mótvægisáðgerðir

Til að uppfylla skilyrði í aðalskipulagi eru hér upp taldar þær mótvægisáðgerðir sem SKOTREYN hefur gripið til og hefur áætlanir um. Félagið bendir þó á að hávaði frá svæðinu hefur hingað til mælst undir hávaðamörkum hjá HER í mælingum bæði sem augnablikshávaði og meðalbilshávaði. Útreikningar frá Brekke&Strand styðja það ef miðað er við öryggismörk (Vikmörk innan útreiknings er +/-5 db). Við það bætist að reiknað er yfir sjó en staðallinn gerir ekki ráð fyrir slíku undirlagi og tekur ekki tillit til þess. Reikna má með það hafi áhrif til lækkunar.

Má einnig benda á að ríkjandi vindátt er norðaustan 6-7 m/s sem dregur enn úr hávaða frá svæðinu.

1. Skotgerðir

Hávaði frá æfingaskotum er mismikill. Verði notkun æfingasvæðisins takmörkuð við lágværustu skotgerðirnar má gera ráð fyrir að hljóðstigið lækki um 1-2 dB.

o Við munum hvetja skotfólk til að nota aðeins 24 gramma hleðslur frekar en 28 gramma. Munurinn á hávaða milli þeirra er ekki mikill en gæti legið á bilinu 1 til 3 dB samkvæmt okkar vitneskju.

o Við munum auglýsa það á vefsvæðum okkar, auk þess sem starfsfólk okkar mun fylgja því eftir, að skotfólk leitist við að nota skot sem uppfylla þær kröfur að vera hljóðminni. Þar sem við erum ávallt með starfsfólk á staðnum þegar opið er, er hægt að fylgja þessu fast eftir.

§ Dæmi: TILKYNNING:

- Á haglavöllum eru einungis leyfð 24 gramma skot með 2,5mm þvermál hið mesta.
- Haglagerðir sem uppfylla skilyrði um lægra hljóðstig eru: *tegundir verða hér Upptaldar á skilti.*

2. Tímatakmarkanir

Opnunartími er takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:

Mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10-21, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 10-19 og laugardaga frá kl. 10-16.

Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá kl. 10-19 á föstudögum, laugardögum og/eða sunnudögum, þó má mót ekki ná yfir fleiri en tvo daga samfellt. Einungis er heimilt að halda eitt slíkt mót í hverjum mánuði. Tilkynna skal um slíka viðburði til Heilbrigðiseftirlitsins og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst 14 daga fyrirvara.

Starfsemi skal vera lokuð næsta mánudag eftir hvert mót.

Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa og páskadag.

3. Hljóðmanir

Hljóðmanir og skermar sem staðsettir geta dregið úr hávaða sem berst frá svæðinu. Hæð slíkra aðgerða skiptir mestu máli sem og nálægð við hávaðagjafa. Auka má áhrifin með skotvöllum sem liggja lægra í landslaginu (grafnir niður). Meta má nánar áhrif hljóðmana og skerma síðar þegar framtíðarstaðsetning skotvallarins verður ákveðin og framkvæmdir hefjast við Sundabraut.

Hér er átt við hækkun á hljóðmönnum sem þegar eru til staðar eða þarf að koma upp á nýrri staðsetningu. Nánari útfærslur þyrfti að vinna með aðkomu Reykjavíkurborgar, sem þegar hefur verið upplýst um það verkefni. Slíkar aðgerðir þarf þó að skoða í því ljósi að aðalskipulag gerir aðeins ráð fyrir að leyfi verði veitt til tveggja ára.

Rannsóknir sýna að ef 70 metrar eru í manir minnkar hljóðmengun um 25dB ef mön er 15 metra há. Ef mön er 9 metra há næst hljóðmengun niður um 13dB.

Með tilkomu Sundabrautar væri hægt að vinna með framkvæmdaraðilum að frekari mótun svæðisins með tilliti til hljóðvarna verði leyfistími vegna svæðisins lengri en 2 ár.

F.h.SKOTREYN

Róbert Reynisson



Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit. lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun vegna starfsemi á landi og reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Skilyrðin gilda um starfsemi sem er starfsleyfisskyld samkvæmt viðauka IV í lögum nr. 7/1998 og viðauka X í rg. nr. 550/2018.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber 5. gr. í rg. nr. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í 14. gr. í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. 13. gr. í rg. nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.



- 1.7 Ef rekstraraðili er einnig með aðra starfsemi sem er starfsleyfis eða skráningarskyld samkvæmt lögum nr. 7/1998, gilda um hana viðeigandi starfsleyfis- eða starfsskilyrði.
- 1.8 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.9 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.10 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.11 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. 57. gr. í rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.12 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.13 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlíta ákvæðum gr. 12., 13., 14., 15. og 16 í rg. nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.



3. Meðferð hættulegra efna

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðiseftirlit getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hætta af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.



- 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
- 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
- 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
- 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
- 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
- 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni, um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.



- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð um hávaða nr. 724/2008.
- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaður skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olúskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennslí.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olú, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífeldsneyti, íblöndunarefnum eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi.



- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í 41. gr. í rg. nr. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rg. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og viðeigandi starfsskilyrði sbr. gr. 1.7..
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rg. 640/2022 um kvikasilfur, rg. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rg. nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rg. nr. 787/1999 um loftgæði, rg. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rg. nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rg. nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun, rg. nr. 799/1999 um meðhöndlun seyrur, rg. nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rg. nr. 809/1999 um olíuúrgang.



6. Eigið eftirlit og skráningar

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olúskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

7. Starfsemi hætt

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnunum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal heilbrigðiseftirlit vinna frummat sbr. ákvæði í 9. gr. rg. um mengaðan jarðveg. Gefi niðurstaða frummats tilefni til skal rekstraraðili vinna áhættumat sbr. ákvæði í 10. gr. sömu reglugerðar og leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar þar um. Í áhættumatinu skulu vera tillögur að meðhöndlun mengunar sé mengun staðfest í rannsóknnum. Rekstraraðili skal standa straum af kostnaði við hreinsun mengunar í samræmi við skilgreinda landnotkun þar sem starfsemin fer fram og viðmið í viðauka í rg. um mengaðan jarðveg.
- 7.3 Hreinsun telst ekki lokið fyrr en að lokinni úttekt heilbrigðiseftirlits og staðfestingu þess að hreinsun sé fullnægjandi.

Samþykkt á 172 fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 16. apríl 2026.



Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN), kt: 440687-1809 í Álfsnesi, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber að fylgja, eins og við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemina.
- 1.2 Starfsleyfið gildir til 31. desember 2028. Fyrirvari er settur varðandi breytingu á gildistíma vegna framkvæmda við Sundabraut sem hefðu áhrif á athafnasvæði félagsins og breytinga á skipulagslegum forsendum vegna framkvæmdarinnar s.s. ef skilgreindri landnotkun væri breytt í skipulagsvinnu vegna framkvæmdarinnar.
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra á athafnasvæði félagsins á Álfsnesi.
- 1.4 Starfsleyfið skal endurskoða ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út. Sömuleiðis skal endurskoða leyfið ef fram koma breytingar á viðkomandi reglugerðum, auknar kröfur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr umhverfisáhrifum án óhóflegs kostnaðar.
- 1.5 Verði veruleg breyting á rekstrinum sem gæti leitt til aukinnar mengunar ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer fram skv. gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðila er skylt að láta eftirlitsaðila í té þau gögn sem nauðsynleg eru til þess að kanna hvort skilyrðum starfsleyfis sé fullnægt.
- 1.8 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

- 1.9 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt vera tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.10 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Notkun á blýhögum og leirdúfum

- 2.1 Notkun blýhagla er óheimil. Rekstraraðila ber að hafa eftirlit með því að notendur virði ákvæðið.
- 2.2 Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons). Rekstraraðila ber að hafa eftirlit með því að notendur virði ákvæðið.

3. Hávaðavarnir

- 3.1 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, t.d. með notkun ísogsefna, hljóðmana, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 3.2 Rekstraraðili skal beina því til notenda vallarins að nota haglaskot með 24 gramma hleðslu við æfingar. Rekstraraðili skal hafa eftirlit með að notendur fari eftir tilmælunum. Rekstraraðili skal hafa sýnilega tilkynningu til notenda með upplýsingum um haglagerðir með lægra hljóðstig.
- 3.3 Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða.
- 3.4 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mun útbúa áætlun um vöktun hávaða frá starfseminni að fengnum leiðbeiningum Umhverfistofnunar- og orkustofnunar. Vöktunaráætlun verður endurskoðuð reglulega.
- 3.5 Rekstraraðili skal í samráði við Heilbrigðiseftirlitið vinna að raunhæfum úrbótum til að minnka hávaða og ónæði frá starfseminni á gildistíma starfsleyfisins.



4. Opnunartími skotvalla

- 4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:
- 4.1.1 Þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 12-21 og laugardaga frá kl. 10-17.
 - 4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að sex sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá kl. 10-19 á föstudögum, laugardögum og/eða sunnudögum, þó má mót ekki ná yfir fleiri en tvo daga samfelld. Mest er heimilt að halda tvær keppnir í hverjum mánuði. Tilkynna skal um slíka viðburði til Heilbrigðiseftirlitsins og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst 14 daga fyrirvara. Rekstraraðili skal hafa samráð við við skotfélag Reykjavíkur um mótahald þannig að félögin haldi ekki fleiri en tvær skotkeppnir í hverjum mánuði samanlagt. Verði að fresta móti vegna veðurs má halda það við fyrsta hentugleika í samræmi við það sem fram kemur að ofan. Tilkynna skal slíka breytta tímasetningu strax og hún liggur fyrir.
 - 4.1.3 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa og páskadag.
- 4.2 Ítrekuð brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað takmörkun á starfsemi eða stöðvun hennar sbr. heimild í 63. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. Umhverfi og umgengni

- 5.1 Rekstraraðili skal stuðla að því og beina til notenda að umgengni sé snyrtileg, notendur hirði úrgang eftir sig og flokki í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og gildandi samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg hverju sinni.
- 5.2 Almenn hreinsun á svæðinu skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári þar sem tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sopp er hreinsað af svæðinu.
- 5.3 Við hvert skotsvæði/völl skal vera soppílát fyrir tóm skothylki.
- 5.4 Heilbrigðiseftirlitið getur fyrirskipað að mæla skuli þungmálamengun í jarðvegi frá haglaskotum innan skotvalla og í skotgeira út frá þeim, í samræmi við áætlaða drægni haglanna. Fyrirskipi Heilbrigðiseftirlitið mælingar skal rekstraraðili láta vinna tillögu að sýnatökuáætlun og senda Heilbrigðiseftirlitinu til samþykktar. Við val á mælipáttum skal tekið mið af viðauka í rg. nr. 1400/2020. Senda skal niðurstöður mælinga til Heilbrigðiseftirlitsins strax og þær liggja fyrir. Heilbrigðiseftirlitið metur niðurstöðurnar og hvort og þá til hvaða ráðstafana skuli grípa m.a. út frá ákvæðum rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.



6. Skráningar

- 6.1 Rekstraraðila ber að hafa eigið eftirlit með starfseminni og halda skrá um eftirfarandi þætti:
 - 6.1.1 Hvenær æfingar og skotmót fara fram á vellinum.
 - 6.1.2 Fjöldi leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.
 - 6.1.3 Kvartanir sem berast til rekstraraðila vegna hávaða og ónæðis frá starfseminni.
 - 6.1.4 Niðurstöður eftirlits með stærð skothleðsla sbr. grein 3.2.
- 6.2 Þessar skrár skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila þegar þeirra er óskað.

7. Starfsemi hætt

- 7.1 Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar sem miða skal út dreifingu hagla. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- 7.2 Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrir en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metið hreinsunina fullnægjandi.
- 7.3 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mun vinna frummat á mengun í jarðvegi í samræmi við ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengun í jarðvegi. Gefi niðurstöður frummats tilefni til ber rekstraraðila, viðlok starfsemi, láta vinna áhættugreiningu sbr. 10. gr. rg. nr. 1400/2020 fyrir áhrifasvæði starfseminnar ásamt tillögum að aðgerðum til hreinsunar í samræmi við niðurstöður áhættugreiningarinnar.